

1. Upptaka og innleiðing Evrópugerða.


Stór hluti af löggjöf á sviði fjármálamarkaðar á rætur að rekja til tilskipana og reglugerða sem Evrópusambandið samþykkir og eru svo teknar upp í EES-samninginn. Upptaka slíkra gerða í samninginn á sér nokkurn aðdraganda. EFTA-skrifstofan og sérfræðingar í ráðuneytum EES-/EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein meta hvort gerð frá Evrópusambandinu heyri undir EES-samninginn og hvort aðlaga þurfi hana að samningnum, svo sem með því að fela stofnunum EFTA-ríkjanna hlutverk sem stofnanir Evrópusambandsins fara með innan sambandsins. Sameiginlega EES-nefndin, sem er skipuð fulltrúum EES-/EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins, tekur svo ákvörðun um upptöku gerðar í samninginn. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kunna að vera háðar stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu EES-/EFTA-ríkis, sem þýðir almennt að þær taka ekki gildi nema að undangengnu samþykki þings ríkisins.

Íslandi ber að leiða í landsrétt gerðir sem eru teknar upp í samninginn. Yfirleitt eru svonefndar móðurgerðir, sem setja fram grundvallarreglur á viðkomandi sviði, innleiddar með lögum. Móðurgerðum fylgir oft nokkur fjöldi undirgerða sem útfæra nánar ákvæði þeirra, en undirgerðir á sviði fjármálamarkaðar eru yfirleitt innleiddar með reglugerð ráðherra eða reglum Seðlabanka Íslands fremur en lögum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið semur frumvörp til laga á sviði fjármálamarkaðar. Yfirleitt er það gert í samráði við viðkomandi stjórnvöld, einkum Seðlabankann, og hagaðila, svo sem Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Landssamtök lífeyrissjóða. Áform um lagasetningu og drög að frumvörpum eru almennt birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is þar sem allir eiga kost á því að koma athugasemdum á framfæri. Ráðherra leggur svo frumvörp fyrir Alþingi þar sem þau eru meðal annars rýnd af þingnefnd sem fer með viðkomandi málefnasvið. Frumvörp sem Alþingi samþykkir taka svo gildi sem lög eftir að forseti Íslands hefur staðfest þau og lögin eru svo birt í Stjórnartíðindum.


[Hér](#) má lesa nánar um ferlið við upptöku og innleiðingu Evrópugerða.

2. Upptöku- og innleiðingarhalli.

Árið 2019 hafði safnast upp mikill fjöldi gerða á sviði fjármálamarkaðar sem hafði tekið gildi í Evrópusambandinu en ekki verið tekinn upp í EES-samninginn. Gerðirnar mynduðu svonefndan *upptökuhalla*. Það ár var umtalsverður hluti þeirra gerða tekinn upp í samninginn. Það varð aftur á móti til þess að EES-gerðum sem átti eftir að innleiða í íslenska löggjöf, sem mynda svonefndan *innleiðingarhalla*, fjölgaði verulega. Síðustu misseri hefur tekist að ganga verulega á þann halla, eins og sést á eftirfarandi línuriti. Það er þó viðvarandi verkefni að tryggja að hann byggist ekki upp á ný og að halda upptökuhallanum í skefjum. Seinni hluta árs 2025 jókst innleiðingarhallinn nokkuð vegna dráttar á innleiðingu undirgerða DORA-, MiCA- og STS-móðurgerðanna, en þær hafa nú nánast allar verið innleiddar. Fækkun óinnleiddra reglugerða á línuritinu er einkum til komin vegna innleiðingar undirgerða DORA og MiCA, en STS-undirgerðirnar voru innleiddar eftir að síðasta gildi línuritsins var tekið saman.



Upptökuhallinn er aðeins að hluta til undir Íslandi kominn því upptaka gerða í EES-samninginn er samvinnuverkefni EES-/EFTA-ríkjanna, EFTA-skrifstofunnar og Evrópusambandsins. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur frá þriðja ársfjórðungi 2024 haldið utan um heildarvísitölu sem er ætlað að endurspeglar frammistöðu Íslands við upptöku og innleiðingu gerða á fjármálamarkaði. Vísitalan tekur mið af því hvort Ísland annist tímanlega einstaka liði í upptöku gerða og af fjölda reglugerða og tilskipana sem hafa verið teknar upp í samninginn en á eftir að innleiða hér á landi. Vísitalan lækkað nokkuð skarpt síðari hluta síðasta árs vegna aukins innleiðingarhalla. Síðasta gildi vísitölunnar tekur þó ekki mið af innleiðingu undirgerða DORA, MiCA og STS, og þess er að vænta að næsta gildi vísitölunnar verði nokkuð hærri. Áformað er að vakta vísitöluna áfram og birta árlega í samráðsgáttinni upplýsingar um þróun hennar.



3. Skýringar á áætluninni.

Í áætluninni er greint frá því hvernig fjármála- og efnahagsráðuneytið áformar að forgangsraða vinnu við innleiðingu móðurgerða á sviði fjármálamarkaðar sem fyrirséð er að verði teknar upp í EES-samninginn.

Í fyrsta forgangi í áætluninni eru tólf gerðir sem sameiginlega EES-nefndin hefur þegar ákveðið að taka upp í EES-samninginn. Ákvarðanirnar eru þó enn allar háðar stjórnskipulegum fyrirvara og hafa því ekki tekið gildi. Gerðirnar snúa að lánastofnunum, grænum skuldabréfum, séreignarsparnaði, evrópskum eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði, gagnaskýrsluþjónustuveitendum, ökutækjatryggingum og aðgangi að upplýsingum um fjármálamarkað. Ráðgert er að ljúka við innleiðingu gerðanna á næsta og þarnaesta ári.

Í öðrum forgangi eru tólf gerðir sem sameiginlega EES-nefndin hefur ekki enn ákveðið að taka upp í EES-samninginn en eru þó komnar nokkuð á veg í upptöku í samninginn. Gerðirnar snúa að verðbréfamiðstöðvum og -uppgjöri, fjárhagslegum viðmiðunum, miðlægum mótaðilum, mörkuðum fyrir fjármálagerninga, atkvæðavægi skráðra hlutabréfa, UFS-matsfyrirtækjum og fjárfestingarsjóðum. Áformað er að ljúka við innleiðingu gerðanna á næsta og þarnaesta ári.

Í þriðja forgangi eru tíu gerðir sem hafa ekki verið teknar upp í EES-samninginn og eru komnar skammt á veg í upptöku. Ekki hefur verið mótuð tímasett áætlun um innleiðingu þeirra.

Í fjórða forgangi eru samtján gerðir sem eru enn á tillögustigi hjá Evrópusambandinu. Ekki hefur verið mótuð tímasett áætlun um innleiðingu þeirra, að frátalinni tillögu að gerð sem mildar tímabundið eiginfjárkröfur til lánastofnana vegna markaðsáættu, en áformað er að innleiða þá gerð um næstu áramót.

Á bak við hverja gerð í áætluninni er hlekkur á nánari upplýsingar um gerðina í [EES-gagnagrunni stjórnvalda](#). Þar má meðal annars nálgast samantektir á efni gerðanna og upplýsingar um hvernig sé áformað að innleiða þær.

4. Síðasta áætlun.

Í júlí á síðasta ári birti fjármála- og efnahagsráðuneytið áætlun um innleiðingu EES-gerða á fjármálamarkaði í samráðsgátt stjórnvalda ([mál S-135/2025](#)). Þar var áætlun um innleiðingu 32 móðurgerða, þar sem 17 voru í fyrsta forgangi, 14 í öðrum forgangi og ein í fjórða forgangi. Þrettán gerðir sem voru í fyrsta forgangi hafa verið innleiddar og fyrir Alþingi liggja frumvörp um innleiðingu tveggja annarra gerða í fyrsta forgangi. Ekki voru lögð fram frumvörp um innleiðingu tveggja gerða sem voru í fyrsta forgangi og áætlaðri innleiðingu þeirra seinkar. Ein gerð sem var í öðrum forgangi hefur verið innleidd. Áætlaðri innleiðingu annarra gerða í öðrum forgangi seinkar. Mótuð hafði verið áætlun um innleiðingu einnar gerðar sem var í fjórða forgangi og hún hefur verið innleidd. Eftirfarandi eru upplýsingar um hvernig miðað hefur við innleiðingu einstakra gerða sem mótuð hafði verið áætlun um innleiðingu á.

Gerðir sem voru í fyrsta forgangi:

1. [Starfstengdir eftirlaunasjóðir \(IORP II - 2016/2341\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um starfstengda eftirlaunasjóði, nr. 74/2025](#).
2. [Verðbréfun \(breyting á CRR vegna STS - 2017/2401\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um verðbréfun, nr. 71/2025](#).
3. [Verðbréfun \(STS - 2017/2402\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um verðbréfun, nr. 71/2025](#).
4. [Verðbréfun \(breyting á STS - 2021/557\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um verðbréfun, nr. 71/2025](#).
5. [Verðbréfun \(breyting á CRR vegna STS - 2021/558\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um verðbréfun, nr. 71/2025](#).

6. [Markaðir fyrir sýndareignir \(MiCA - 2023/1114\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um markaði fyrir sýndareignir, nr. 101/2025](#).
7. [Eiginfjákröfur til lánastofnana \(CRR III - 2024/1623\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 \(CRR III\), nr. 102/2025](#).
8. [Frestun á markaðsáhættureglum \(2024/2795\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 \(CRR III\), nr. 102/2025](#).
9. [Stafrænn viðnámsþróttur fjármálamarkaðar \(DORA - 2022/2554\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar, nr. 78/2025](#).
10. [Stafrænn viðnámsþróttur fjármálamarkaðar \(breytingar vegna DORA - 2022/2556\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar, nr. 78/2025](#).
11. [Samevrópsk séreignarsparnaðarafurð \(PEPP - 2019/1238\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á fyrsta ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á öðrum ársfjórðungi 2027.
12. [Varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja \(reglugerð\) \(IFR - 2019/2033\)](#): [Frumvarp](#) til að innleiða gerðina var lagt fyrir Alþingi í mars 2026.
13. [Varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja \(tilskipun\) \(IFD - 2019/2034\)](#): [Frumvarp](#) til að innleiða gerðina var lagt fyrir Alþingi í mars 2026.
14. [Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir \(ELTIF Review - 2023/606\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um breytingu á lögum um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, nr. 115/2022 \(einföldun\), nr. 82/2025](#).
15. [Hópfjármögnun \(ECSP - 2020/1503\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um þjónustuveitendur hópfjármögnunar fyrir fyrirtæki](#) (sem á eftir að birta í Stjórnartíðindum).
16. [Hópfjármögnun \(breyting á MiFID - 2020/1504\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um þjónustuveitendur hópfjármögnunar fyrir fyrirtæki](#) (sem á eftir að birta í Stjórnartíðindum).
17. [Ökutækjatrýggingar \(MID II - 2021/2118\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á fyrsta ársfjórðungi 2028.

Gerðir sem voru í öðrum forgangi:

1. [Skilameðferð miðlægra mótaðila \(2021/23\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á öðrum ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á fyrsta ársfjórðungi 2028.
2. [Miðlægir mótaðilar \(EMIR 2.2 - 2019/2099\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á öðrum ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana þriðja ársfjórðungi 2027.
3. [Evrópsk græn skuldabréf \(2023/2631\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á öðrum ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á öðrum ársfjórðungi 2027.
4. [Varfærniskröfur til lánastofnana \(CRD VI - 2024/1619\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á þriðja ársfjórðungi 2027.
5. [Evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði \(ESAs Review - 2019/2175\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á þriðja ársfjórðungi 2027.
6. [Evrópska kerfisáhætturáðið \(ESRB - 2019/2176\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á þriðja ársfjórðungi 2027.
7. [Gagnaskýrsluþjónustuveitendur \(breyting á MiFID II, Solvency II og AMLD - 2019/2177\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á þriðja ársfjórðungi 2027.
8. [Verðbréfamiðstöðvar \(CSDR Refit - 2023/2845\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á fyrsta ársfjórðungi 2027.
9. [Einn evrópskur aðgangsstaður \(ESAP - 2023/2859\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á fyrsta ársfjórðungi 2028.
10. [Einn evrópskur aðgangsstaður \(breytingatilskipun - 2023/2864\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á fyrsta ársfjórðungi 2028.

11. [Einn evrópskur aðgangsstaður \(breytingareglugerð - 2023/2869\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á fyrsta ársfjórðungi 2028.
12. [Markaðir fyrir fjármálagerninga \(MiFID Review - 2024/790\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á þriðja ársfjórðungi 2027.
13. [Markaðir fyrir fjármálagerninga \(MiFIR Review - 2024/791\)](#): Áformað var að innleiða gerðina á þriðja ársfjórðungi 2026. Samkvæmt nýrri áætlun er áformað að innleiða hana á þriðja ársfjórðungi 2027.
14. [Hlutfall stöðugrar fjármögnunar lánastofnana \(2025/1215\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 \(CRR III\), nr. 102/2025](#).

Gerð sem var í fjórða forgangi:

1. [Frestun á markaðsáhættureglum \(2025/1496 – áður C\(2025\)3643\)](#): Gerðin var innleidd með [lögum um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 \(CRR III\), nr. 102/2025](#).